

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/532
komudagur 15.11.2012

From: Hilmar Sigurdsson - SÍK [<mailto:chairman@producers.is>]
Sent: 15. nóvember 2012 12:22
To: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Subject: RE: Fundarboð - allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Sæl Sigrún,

Á fundi með nefndinni í morgun var óskað eftir því að við sendum frekari gögn – er það gert hér með og væri gott ef þú áframsendir á þau.

1. Minnisblað til stjórnar RÚV um samning milli framleiðenda og RÚV – fylgir með í viðhengi
2. Danska módelið – samningur milli DR og menningarmálaráðuneytis í Danmörku:
 - a. http://kum.dk/Documents/Kulturpolitik/medier/DR/public_servicekontrakt.PDF
 - b. DR – aðkeypt framleiðsla í samræmi við samninginn – sent sem sýnishorn af því hvernig mál eru unnin í Danmörku:
http://www.dr.dk/NR/rdonlyres/EC787AEB-1929-4D58-BBC0-BE190564DEF2/3758986/Ekstern_producentdag_2013.pdf
3. SÍK vill svo undirstrika að slíkir samningar þurfa eðlilega að vinna sig framhjá hættunni á því að RÚV setji upp eigin framleiðslufyrirtæki sem sjái um alla framleiðslu fyrir fyrirtækið. Við höfum fengið fregnir af því að það sé rætt í fullri alvöru að RÚV stofni til reksturs framleiðslufyrirtækja með „starfsmönnum og vildarvinum“ um framleiðsluna. Eins og nefnt var í morgun, þá trúum við því ekki að óreyndu en teljum þó nauðsynlegt að aðskilja framleiðslu frá útsendingarhlutanum, því það er eina leiðin til að fá fram í dagsljósið raunverulegan framleiðslukostnað RÚV. Við leyfum okkur að setja hér að neðan hluta af pósti sem okkur hefur borist frá sjálfstæðum framleiðenda sem þekkir vel til inni á Ríkisútvarpinu – en þar koma fram þessar hættur sem við höfum áhyggjur af. Það er því nauðsynlegt að Ríkisútvarpið verði skyldað til að eiga dótturfyrirtækin að fullu og að það geti ekki fjárfest í öðrum sjálfstæðum félögum – það ætti að leysa hættuna sem kemur fram í eftirtalinni lýsingu, auk skilyrða sem eru í t.d. evróputilskipun um að ekki meira en t.d. 90% af framleiðslu félaga (almennt) sé fyrir einn útsendingaraðila.

Kær kveðja

Hilmar Sigurðsson
formaður SÍK
www.producers.is



Minnisblað í kjölfar fundar 24. október 2012

Dags 7. nóvember 2012

Til Stjórn Ríkisútvarpsins

Frá Stjórn SÍK

Tengiliður SÍK Hilmar Sigurðsson – formaður – chairman@producers.is

Tengiliður Ríkisútvarpsins Björg Eva Erlendsdóttir – formaður – beva@althingi.is

Stjórn SÍK vill þakka stjórn Ríkisútvarpsins ohf. fyrir tækifæri til að funda um sameiginleg málefni kvikmyndaframleiðenda og lýsa yfir ánægju sinni með að stjórn RÚV sé að vinna að stefnumörkun stofnunarinnar og hlakkar til að lesa og fræðast um hina nýju stefnu.

Í kjölfar fundarins þann 24. október sl. var ákveðið að SÍK myndi senda minnisblað með helstu punktum um samstarf sem fram komu á fundinum. Fylgja þeir hér á eftir:

1. Framtíðarfyrikomulag í samstarfi kvikmyndaframleiðenda og Ríkisútvarpsins

SÍK leggur til að gerður verði samstarfssamningur milli SÍK – f.h. kvikmyndaframleiðenda á Íslandi sem endurspeglar og/eða tekur á eftirfarandi atriðum:

a. Stefnumörkun:

- i. Auking á framleiðsla á íslensku efni fyrir Íslendinga um Íslendinga
- ii. Meðframleiðsla RÚV með íslenskum kvikmyndaframleiðendum
- iii. Er „Danski samningurinn“ mótél fyrir Ísland?
- iv. Þátttaka Ríkisútvarpsins í fjármögnun kvikmyndaverka
- v. Breytingar með nýjum lögum um tímabundnar endurgreiðslur – 85% innlent hlutfall – tækifæri sem myndast í aukinni framleiðslu á íslensku efni.
 - a. RÚV myndi áfram kaupa sýningarrétt en sýningarréttur er ekki í hlutfallinu
 - b. Meðframleiðsluhluti myndi teljast sem innlent hlutfall

b. Dagskrárstefna og íslenskt efnisframboð Ríkisútvarpsins

- i. Skv. samningi um útvarpsþjónustu í almannabágu (grein 3.3) og í frumvarpi að nýjum lögum um Ríkisútvarpið ber því að setja sér dagskrárstefnu – þessi dagskrárstefna skal endurspeglast í samningnum
- ii. Aukin áhersla á íslenskt á kjörtíma – stefna að 70% hlutfalli – eykur sjálfkrafa þrýsting á frekari innkaup Ríkisútvarpsins
- iii. Dagskrárstefna er mikilvæg til að framleiðendur geti boðið Ríkisútvarpinu efni sem passar í þau „slot“ sem í boði verða.
- iv. Í dagskrárstefnu þarf að koma fram markmið Ríkisútvarpsins á leiknu íslensku efni, þ.m.t. þáttaröðum hverskonar. Þarna er tækifæri til að notfæra sér breytt lagaumhverfi og sækja víðar eftir fjármagni til framleiðslu á íslensku leiknu efni sem er dýrt í framleiðslu.
- v. Samhliða því að dagskrárstefna væri sett, þarf að kynna hana fyrir aðilum í kvikmyndageininni.

c. Hlutfall af aðkeyptu efni frá sjálfstæðum framleiðenda

- vi. SÍK leggur til að lágmarki verði 10% af dagskrárefni í Sjónvarpinu aðkeypt frá sjálfstæðum framleiðendum í takt við markmið um nýsköpun í dagskrá. Talsetning barnaefnis myndi ekki falla undir þetta viðmið.

d. Verðlagning á innkaupum á innlendu efni hjá Ríkisútvarpinu

- vii. Tekið verði upp lágmarksviðmið á greiðslum fyrir sýningarrétt á leiknum kvikmyndum, heimildarmyndum, stuttmyndum, leiknu sjónvarpsefni og eldra efni og sett í samninginn.

e. Hlutverk Ríkisútvarpsins í norrænni samframleiðslu

- i. Samningurinn tæki á hlutverki Ríkisútvarpsins sem leiðandi sjónvarpsstöð á Íslandi við að vinna ákveðnum fjölda kvikmyndaverka brautargengi í norrænni samframleiðslu (Nordvision)

f. Faglegar kröfur og kröfulýsingar til listamanna og framleiðenda af hálfu Ríkisútvarpsins

- i. Samkomulagið tæki einnig til kröfulýsinga á efnismeðferð, þróunarvinnu, skilum á sýningarefni og öðru sem því tengist, með það að markmiði að bæta enn frekar gæði á íslensku kvikmynduðu efni.

g. Faglegar kröfur til Ríkisútvarpsins og dagskrárstjóra af hálfu kvikmyndaframleiðenda

- viii. Reglulegir samráðsfundir með greininni þar sem dagskrárstefna er m.a. kynnt
- ix. Samningur milli aðila tryggir að leikreglur og lágmarksverð eru þekkt frá byrjun
- x. Gott samstarf framleiðenda og Ríkisútvarpsins hefur það sameiginlega markmið að framleiða meira gott íslenskt efni fyrir Íslendinga.

Stjórn SÍK hlakkar svo til að vinna að slíkum samstarfssamningi í góðu samstarfi við stjórn og stjórnendur Ríkisútvarpsins.

f.h. stjórnar SÍK



Hilmar Sigurðsson
formaður